



Svensk-isländska
samarbetsfonden

Leiðbeiningar fyrir umsókn um ferðastyrk frá Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum

Sænsk-íslenski samstarfssjóðurinn var stofnaður 1995 í kjölfar gjafar Svía til Íslendinga á 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins 1994. Hlutverk sjóðsins er að styrkja sænsk-íslenskt samstarf, gagnkvæm menningarsamskipti og upplýsingar um sænska og íslenska menningu og samfélagsmál. Sjóðurinn veitir á ári hverju ferðastyrki fyrir tvíhliða samstarf milli landanna, aðallega á sviði menningar, menntunar og rannsókna.

Ferðastyrkurinn getur numið allt að 8000 sænskum krónum á mann.

Hverjir geta sótt um?

Einstaklingar búsettir í Svíþjóð eða á Íslandi geta sótt um ferðastyrk úr Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum. Hópar geta sótt um ferðastyrk og eiga möguleika á einstaka styrkjum til dreifingar innan hópsins.

Umsóknareyðublöð eru á sænsku og íslensku.

Hvað er styrkt?

- Hægt er að sækja um ferðastyrk vegna verkefna sem stuðla að sænsk-íslensku samstarfi á sviði menningar, menntunar og rannsókna.
- Stjórn sjóðsins leggur áherslu á styrki til samstarfs á sviði menningar og milli almennra borgara.
- Tilgangur ferðarinnar á að vera tvíhliða, þ.e. að auka skilning og samstarf milli almennings í báðum löndum.
- Með umsókn skal umsækjandi senda drög að dagskrá ferðarinnar, fjárhagsáætlun og nöfn tengiliða í því landi sem heimsækja á.

Hvað er ekki styrkt?

- Ekki er hægt að sækja um styrki til skemmti- og/eða hópferða.
- Ferðastyrkir eru að öllu jöfnu ekki veittir vegna þátttöku í norrænum eða alþjóðlegum ráðstefnum eða svipuðum fjölþjóðlegum verkefnum.

Hvenær og hvernig á að sækja um styrk?

Auglýst er eftir umsóknum einu sinni á ári. Opnað verður fyrir umsóknir þann 15. janúar 2025 og er frestur til að skila inn umsóknum 28. febrúar 2025.

Umsókn skal skila rafrænt á heimasíðu sjóðsins, www.svenskislandskafonden.se

Hvenær fá umækendur svar?

Stjórn sjóðsins kemur saman í byrjun apríl 2025 til að fjalla um innkomnar umsóknir. Svör verða send umækjendum í tölvupósti í apríl/maí.

Hvenær á að nýta styrkinn?

Styrkinn skal nýta á árinu 2025 fram til 30. apríl 2026.

Frestun verkefna og aðrar ákvarðanir

- Sé styrkur ekki nýttur innan uppsetts tímaramma rennur hann sjálfkrafa aftur til sjóðsins
- Ef verkefni frestast af einhverjum ástæðum og ferðastyrkurinn nýtist ekki á uppgefnum tíma þarf að sækja um frestun á nýtingu styrksins til stjórnar sjóðsins. Frestur er veittur í undantekningartilfellum.
- Styrkinn þarf að nýta til þess sem styrkur var veittur til. Verði breytingar á verkefninu verður að hafa samband við sjóðinn.
- Nafn Sænsk-íslenska samstarfssjóðsins og merki á að koma fram í tengslum við þau verkefni sem sjóðurinn styrkir.
- Upplýsingar um umsóknir, styrkuppþæð og lokagreinargerð ásamt fleiru eru opinberar og er sjóðnum heimilt að birta upplýsingar um þetta á heimasíðu sinni eða líkum miðlum.
- Gera þarf grein fyrir nýtingu styrksins til sjóðsins í síðasta lagi þrem mánuðum eftir að styrkurinn var nýttur eða í síðasta lagi 31. júlí árið eftir að styrkur var veittur.
- Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um alla styrki og ákvörðuninni verður ekki áfrýjað.